

**Sp.**

### **489. Tillaga til þingsályktunar**

um skýrslusöfnun um mál íslenzkra þegna, sem ásakaðir hafa verið um samvinnu við Þjóðverja í síðustu styrjöld gegn hagsmunum Dana og Norðmanna.

Flm.: Gísli Jónsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkissjórnina að láta nú þegar safna fullkomnum skýrslum um mál þeirra íslenzkra þegna, sem ásakaðir hafa verið um samvinnu við Þjóðverja í síðustu styrjöld, gegn hagsmunum Danmerkur og Noregs, og hlotið fyrir þær ásakanir alls konar óþægindi og álitshnekki, frelsisskerðingar, fangelsanir, misþyrmingar og líflát án dóms og laga, og gefa síðan Alþingi svo fljótt sem verða má heildaryfirlit yfir þessi mál.

#### **Greinargerð.**

Jafnskjótt og Þjóðverjar höfðu verið hraktir úr Danmörku og Noregi og lönd þessi friðlýst, risu þar upp nýjar og óvæntar hörmungar. Þúsundum saman voru menn ákærðir fyrir samvinnu við Þjóðverja gegn hagsmunum þessara þjóða og fangelsaðir um lengri eða skemmri tíma. Sumir þessara manna urðu að þola misþyrmingar og líflát án dóms og laga. Íslendingar búsettir í þessum löndum fóru ekki allskostar varhluta af þessum árásum. Misstu að minnsta kosti tveir af þeim lífið, en aðrir sættu fangelsisvist um lengri eða skemmri tíma, og munu nokkrir þeirra ekki enn hafa fengið frelsi, þótt nærri tvö ár séu liðin. Almennt munu þó ekki hafa sannazt á þá sakir. Og bættir hafa þeir ekki verið nema að mjög litlu leyti og flestir ekkert. Munu flestir telja sig hafa verið misrétti beitta, og bera þeir og vandamenn þeirra þungan hug til þessara þjóða fyrir verknaðinn. Það er því bæði nauðsynlegt og skylt að fá mál þessi öll upplýst og semja síðan um þau á þann hátt, sem öllum aðilum er sæmd að. Allt annað hlýtur að torvelda þá samvinnu á milli þjóðanna, sem nauðsynleg er talin til þess að flýta fyrir endurreisn menningarinnar í Evrópu, eftir það áfall, sem hún hefur fengið á styrjaldarárunum, og til þess að skapa þá virðingu og það traust, sem æskilegt er, að ríki á milli þessara þjóða.

Hin almenna söfnun, sem fór fram hér á landi til þessara þjóða beggja í ófriðarlok, sýndi það, að íslenzka þjóðin átti nægilega vináttu, drenglyndi og manndóm til þess að láta ekki hin sorglegu atvik, sem þá voru nýafstaðin, hamla sér frá því að gera skyldu sína til þess að bjarga sveltandi og klæðlausum þegnum þeirra, og er það vel. En hún hefur þá og sjálfsagt einnig manndóm til þess að láta ekki taka líf, frelsi og æru sinna eigin þegna án þess að krefjast fullkominna upplýsinga um málsmeðferð, málsbætur og málsúrslit að hætti síðaðra þjóða. Þess vegna er þál. þessi fram borin. Er þess vænt, að þingmenn samþykki hana einum rómi.